



Leiðbeinandi tilmæli

**um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til
viðbótar birtingu samkvæmt reglum nr. 692/2001, um ársreikninga
lánastofnana**

nr. 2/2002

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

Janúar 2002

Inngangur

Sívaðandi kröfur eru gerðar til lánastofnana um að þær birti meiri upplýsingar um starfsemi sína í tengslum við fjármálaskjöl og önnur svipuð skjöl. Vegna mikillar aukningar á starfsemi þessara stofnana í tengslum við slík skjöl, einkum afleiðusamninga, frá því reglur um gerð ársreikninga lánastofnana voru settar, er talið nauðsynlegt að fara fram á birtingu frekari upplýsinga til viðbótar við hina takmörkuðu birtingarkröfu sem gerð er í téðum reglum. Birting slíkra upplýsinga gerir fjárfestum og markaðsaðilum kleift að taka vel upplýstar ákvarðanir og stuðlar þannig að gegnsæi og aga á markaði. Til þess að svo megi verða er þörf á markvissum og sambærilegum tölulegum upplýsingum, upplýsingum um eðli starfsemi stofnananna í tengslum við fjármálaskjöl og upplýsingum um markmið og aðferðir við áhættumat og áhættustjórnunarkerfi. Þrátt fyrir þá kvöð að birta allar mikilvægar upplýsingar skal hugsanlegt notagildi tiltekinna upplýsinga vegið og metið með hliðsjón af nauðsyn þess að ofhlaða ekki ársreikninga með óþarflega miklum upplýsingum og hugsanlegum kostnaði við að veita slíkar upplýsingar. Í birtingarskyldunni felst ekki kvöð um að birta upplýsingar sem eru trúnaðarmál eða einkamál lánastofnunarinnar.

Eftirfarandi tilmæli eru efnislega samhljóða tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2000/408/EC frá 23. júní 2000 um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til viðbótar birtingu samkvæmt tilskipun nr. 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2001 frá 31. janúar 2001 eru þessi tilmæli hluti af EES-samningnum.

1. Gildissvið og skilgreiningar

1.1. Viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir (hér á eftir nefndar „stofnanir“), sem falla undir reglur nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana, skulu birta upplýsingar um fjármálaskjöl, vörur og afleiðd vöruskuldaskjöl (hér á eftir kölluð „skjöl“), sem heyra undir þessi tilmæli, í skýringum í ársreikningi og samstæðureikningi og/eða í ársskýrslu.

Í viðbættunum við þessi tilmæli eru sett fram dæmi um það hvernig birta má þessar upplýsingar til að uppfylla markmið þeirra. Þessi dæmi eru ekki tæmandi. Einnig má notast við önnur birtingarform, svo sem þau sem byggð eru á innanhússlíkönunum, að því tilskildu að upplýsingarnar, sem fást af þessum líkönunum, komi einnig fram, þ.m.t. áreiðanleiki þeirra og hvort þau eru viðurkennd af Fjármálaeftirlitinu til að reikna út eiginfjárförf með hliðsjón af varúðarsjónarmiðum.

1.2. Fjármálaskjal er hver sá samningur sem felur í sér bæði fjáreign eins aðila og fjárskuldbindingu eða skírteini fyrir hlut í eign annars aðila. Til fjármálaskjala teljast bæði:

- grunnfjármálaskjöl svo sem viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir og hlutabréf og
- afleiðusamningar, svo sem vilnunarsamningar, staðlaðir framvirkir samningar, framvirkir samningar, vaxtaskipta- og gjaldmiðlaskiptasamningar en verðmæti þeirra er leitt af verði fjármálaskjals sem liggur til grundvallar eða gengi eða vísitölu eða verði annars sem liggur til grundvallar.

1.3. Fjáreign er sérhver eign sem felst í eftirfarandi:

- a) reiðufé;
- b) rétti samkvæmt samningi til að fá greitt reiðufé eða aðra fjáreign frá öðrum aðila;
- c) rétti samkvæmt samningi til skipta á skjölum við annan aðila með kjörum sem geta verið hagstæð; eða
- d) skírteini fyrir hlut í eign annars aðila.

1.4. Fjárskuldbinding er sérhver skuldbinding sem, samkvæmt samningi, felur í sér kvöð um að:

- a) greiða öðrum aðila reiðufé eða aðra fjáreign; eða

- b) skipta á skjölum við annan aðila með kjörum sem geta verið óhagstæð.
- 1.5. Skírteini fyrir hlut í eign annars aðila er sérhver samningur sem staðfestir hlutdeild í eignum annars aðila eftir að allar skuldir hans hafa verið frádregnar.
- 1.6. Í veltuviðskiptum felst kaup og sala á skjölum með það fyrir augum:
- að nýta sér sveiflur eða skammtímabreytingar á markaðsgengi, vísitölum eða verðlagi,
 - að auðvelda viðskiptamönnum viðskipti,
 - að baktryggja tengdar veltuviðskiptastöður.
- Önnur starfsemi telst ekki til veltuviðskipta.
- 1.7. Sannvirði er sú fjárhæð sem fengist fyrir eign eða gera mætti upp skuldbindingu með nú, samkvæmt eðlilegum skilmálum og kjörum milli óháðra, upplýstra, samþykkra aðila, þar sem ekki er um að ræða nauðungarsölu eða sölu vegna eignaskipta sökum félagsslita.
- 1.8. Upplýsingar, sem birtar eru samkvæmt þessum tilmælum, þurfa ekki að varða:
- a) hagsmuni í dótturfyrirtækjum;
 - b) hagsmuni í samstarfsfyrirtækjum;
 - c) hagsmuni í sameiginlegum fyrirtækjum;
 - d) hvers kyns bótakerfi vinnuveitanda og skuldbindingar þar að lútandi vegna starfsloka, þ.m.t. eftirlauna;
 - e) skuldbindingar vinnuveitanda vegna forkaupsréttar starfsmanna á hlutabréfum og hlutabréfakaupafyrirkomulags;
 - f) skyldur í tengslum við váttryggingasamninga;
 - g) rekstrarleigusamninga; samninga þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða einhverja fjárhæð jafnvel þótt varan sé ekki afhent eða þjónustan veitt (take or pay contracts);
 - h) eigið fé, eigin kauprétt og valrétt á eigin hlutabréfum.

2. Mikilvægisreglan

Ekki þarf að beita ákvæðum tilmælanna við smávægileg atriði. Þegar mikilvægi skjala er metið (stakra skjala eða skjala í heild) skal tekið tillit til bæði fjárhæðar þeirra og eðlis.

Þrátt fyrir þá kvöð að birta allar mikilvægar upplýsingar skal hugsanlegt notagildi tiltekinna upplýsinga vegið og metið með hliðsjón af nauðsyn þess að ofhlaða ekki ársreikninga með óþarflega miklum upplýsingum og hugsanlegum kostaði við að veita slíkar upplýsingar.

Það hversu ítarlegar upplýsingarnar, sem birta á, skulu vera skal endurspegla hlutfallslegt mikilvægi starfseminnar, niðurstaðnanna og/eða áhættunnar með tilliti til heildarviðskipta stofnunarinnar.

3. Birting upplýsinga um eðli starfseminnar

- 3.1. Upplýsingar um eðli starfseminnar, sem nauðsynlegar eru til að skilja ársreikning og samstæðureikning, skulu vera í skýringum í reikningunum. Aðrar slíkar upplýsingar skulu vera annaðhvort í skýringum í reikningunum eða annars staðar í ársskýrslu.
- 3.2. Birta skal í ársskýrslu upplýsingar um markmið og aðferðir stofnunarinnar að því er varðar áhættustjórnun er endurspegla notkun hennar á fjármálaskjölum innan ramma heildarviðskiptamarkmiða hennar.
- 3.3. Birta skal í ársskýrslu upplýsingar um stefnu og venjur í áhættustjórnun í veltuviðskiptum og starfsemi, annarri en veltuviðskiptum, þar sem fjallað er um hvaða áhættu stofnunin stendur sérstaklega frammi fyrir og hvernig hún stýrir lánaáhættu, markaðsáhættu (þ.e. gengisáhættu, vaxtaáhættu, annarri verðlagsáhættu), lausafjáráhættu og annarri mikilvægri áhættu.
- 3.4. Birta skal í skýringum í ársreikningi og samstæðureikningi upplýsingar um sérhverja mikilvæga reikningsskilastefnu er tengist fjármálaskjölum.

4. Birting tölulegra upplýsinga – meginreglur og almennar upplýsingar

- 4.1. Tölulegar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að skilja ársreikning og samstæðureikning, skulu vera í skýringum stofnunarinnar í árs- og samstæðureikningum. Aðrar slíkar upplýsingar skulu vera annars staðar í ársskýrslu. Ennfremur ber að birta sannvirði skjala sem ætluð eru til veltuviðskipta, bæði í efnahagsreikningi og utan hans, ef það er verulega frábrugðið þeim fjárhæðum sem þau eru skráð fyrir í reikningunum.

- 4.2. Ef birting tölulegra upplýsinga byggir á innri áhættustýringarkerfum stofnananna og aðferðum sem notaðar eru innan þessara kerfa (t.d. næmisgreiningu, virðisáhættulíkönnum (VAR-líkönnum)) þarf birtingin ekki að fela í sér miðlun upplýsinga sem tengjast þessum kerfum og aðferðum og gætu valdið stofnuninni alvarlegum skaða.
- 4.3. Viðeigandi greining skal fara fram á veltuviðskiptaskjölum og skjölum tengdum starfsemi, annarri en veltuviðskiptum, þar sem fram skulu koma upplýsingar um það hversu mikil starfsemi fer fram í stofnuninni með tilliti til þessara skjala. Greiningin skal einkum endurspegla mikilvæga skilmála og kjör sem gætu haft áhrif á fjárhæð, tímasetningu og áreiðanleika fjárstreymis í framtíðinni.

5. Birting tölulegra upplýsinga – upplýsingar um lánaáhættu

- 5.1. Birta skal upplýsingar um lánaáhættu á grundvelli þeirrar fjárhæðar sem er mest lýsandi fyrir hámarks lánaáhættu á þeim degi sem efnahagsreikningur er gerður (að frádregnum öllum skuldajöfnunarsamningum sem hafa réttaráhrif fyrir stofnunina) án tillits til hvers konar tryggingar. Til viðbótar við upplýsingar um hámarkslánaáhættu skulu koma upplýsingar um mögulega lánaáhættu að teknu tilliti til tryggingar og annarra skuldajöfnunarsamninga.

Ef bókfært verð skjals felur í sér hámarkslánaáhættu er birting viðbótarupplýsinga, að því er varðar þessa málsgrein, ekki nauðsynleg.

- 5.2. Birta skal upplýsingar um verulega uppsöfnun lánaáhættu í efnahagsreikningi eða utan hans eftir atvinnuvegum og landfræðilegri staðsetningu, t.d. eftir ólíkum atvinnugreinum, einstökum löndum eða landahópum.

6. Birting tölulegra upplýsinga – upplýsingar um markaðsáhættu

- 6.1. Birta skal upplýsingar um markaðsáhættu á grundvelli virðisáhættu (VAR), næmisgreiningar eða annars markaðsverðsáhættumats.
- 6.2. Beita ber þessum mismunandi aðferðum hverri fyrir sig eða saman þannig að fá megi heildstæða mynd af þeirri markaðsáhættu sem stofnunin stendur frammi fyrir vegna stöðu sinnar að því er varðar veltuviðskiptaskjöl og skjöl tengd starfsemi, annarri en veltuviðskiptum. Hver tegund markaðsáhættu skal tilgreind sérstaklega þar sem það er framkvæmanlegt.

7. Gildistaka

Tilmælin eru gefin út samkvæmt heimild í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og taka gildi þegar í stað.

Reykjavík, 17. janúar 2002

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Páll Gunnar Pálsson

Ragnar Hafliðason

1. viðbætur

(Þessi viðbætur er einungis til nánari skýringar og er ekki hluti af tilmælunum)

Upplýsingar í tengslum við birtingu upplýsinga um eðli starfseminnar

- a) Grundvallareinkenni áhættustjórnunar, þ.m.t. einkum mat og mæling á áhættu; ef við á, einnig innra takmarkanakerfi og að komist sé hjá óþarfa uppsöfnun áhættu.
- b) Starfsemi í tengslum við skjöl sem notuð eru í veltuviðskiptum.
- c) Starfsemi í tengslum við skjöl sem notuð eru í starfsemi, annarri en veltuviðskiptum, sem einkum endurspeglar stefnu varðandi baktryggingar.
- d) Starfsemi í tengslum við mjög áhættusöm skjöl eða flókin skjöl s.s. afleidd vogunarskjöl.
- e) Notkun trygginga.
- f) Notkun skuldajöfnunarsamninga.

2. viðbætur

(Þessi viðbætur er einungis til nánari skýringar og er ekki hluti af tilmælunum)

Birting upplýsinga um reikningsskilareglur sem beitt er

- a) Upplýsingar um aðferðina við að beita þessum reglum gagnvart:
 - veltuviðskiptaskjölum og skjölum tengdum annarri starfsemi en veltuviðskiptum, og hugsanlegri endurflokkun þeirra,
 - sérstökum tengslum milli ólíkra skjala (t.d. afleiddra skjala, baktrygginga, lokunar baktrygginga, baktrygginga með viðskiptum innan fyrirtækisins, baktryggingar fyrirsjáanlegra viðskipta),
 - sérstökum gerðum skjala eða tengdra viðskipta (t.d. getur birting verið nauðsynleg, einkum þegar um er að ræða verðbréfun; endurhverfa kaup- og sölusamninga; afléttingu á réttindum í reynd), og
 - grunnskjölum sem fela í sér afleiðusamninga.
- b) Á meðal upplýsinganna, sem birtar eru, geta líka verið:
 - i) viðmiðanirnar fyrir það hvenær fjármálaskjöl eru bókfærð eða hætt er að bókfæra þau í efnahagsreikning;
 - ii) grundvöllurinn fyrir mati á verði mismunandi gerða eða flokka skjala þegar þau eru bókfærð í fyrsta sinn og eftir það,
 - iii) aðferðir sem notaðar eru til að ákvarða sannvirði skjala (t.d. á grundvelli skráðs markaðsverðs, notkunar sölu-/kaup-/miðgengis, greiningar á núvirtri greiðsluröð, matsaðferða eða annarrar viðeigandi aðferðar), þ.m.t. þær mikilvægu forsendur sem gefnar eru við beitingu þessara aðferða;
 - iv) hvernig skráð markaðsverð er aðlagð, ef um það er að ræða, í þeim tilvikum þegar ákvörðun sannvirðis byggist á slíku markaðsverði;
 - v) aðferðirnar sem notaðar eru til að færa í rekstrarreikning hagnað og tap, vexti eða aðra tekju- og útgjaldaliði sem tengjast veltuviðskiptaskjölum og skjölum, tengdum annarri starfsemi en veltuviðskiptum, einkum bókfærslu tekna;
 - vi) stefna sem samþykkt er ef til baktryggingar kemur eða lokunar baktryggingar.

3. viðbætur

(Þessi viðbætur er einungis til nánari skýringar og er ekki hluti af tilmælunum)

Birting viðbótarupplýsinga til að auðvelda skilning á tölulegum upplýsingum

Það að láta í té viðbótarupplýsingar um hugtakanotkun og framsetningu, sem beitt er, um áættumatsaðferðir, tengdar forsendur og aðrar færíbreytur, eins og við á, auðveldar lesendum fjárhagsskýrslna skilning á tölulegu upplýsingunum sem þar koma fram.

Þegar meðaltalsgildi eru birt auðveldar það lesendum fjárhagsskýrslnanna einnig að skilja upplýsingarnar ef upplýst er um tímabilin sem þessi meðaltöl eru reiknuð fyrir. Séu tölur í árslok ekki lýsandi fyrir meðaltalsgildi, geta meðaltalsgildi enn fremur auðveldað skilning.

4. viðbætur

(Þessi viðbætur er einungis til nánari skýringar og er ekki hluti af tilmælunum)

Birting tölulegra upplýsinga

1. Birta má tölulegar upplýsingar í töfluformi, þ.m.t. einkum:
 - A. sem vísbendingu, meðal annars, um það hversu mikil starfsemi fer fram með tilliti til grunnskjala um bókfært verð,
 - i) sundurliðaðar á lóðréttá ásnúnum eftir mismunandi flokkum skjala þar sem greint er á milli eigna og skuldbindinga, og
 - ii) sundurliðaðar á láréttá ásnúnum eftir eftirstöðvatíma, ásamt viðbótarvísbendingu um sannvirði heildartalna úr veltuviðskiptum.
 - B. sem vísbendingu, meðal annars, um það hversu mikil starfsemi fer fram með tilliti til afleiðusamninga, um undirliggjandi fjárhæð,
 - i) sundurliðaðar á lóðréttá ásnúnum eftir mismunandi flokkum afleiðusamninga (t.d. samningum um vexti, erlendum gjaldeyri og gulli, hlutabréfum, verðmætum málmum, að gulli undanskildu, öðrum vörum, öðru) sem skipt er enn frekar niður í:
 - afleiðusamninga sem ekki er verslað með á skipulegum verðbréfamarkaði (með undirflokkun, t.d. framvirkir samningar, vaxtaskiptasamningar, áhvílandi/samþykktir vilnunarsamningar), og
 - markaðsskráða afleiðusamninga sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði (með undirflokkun t.d. langtíma/skammtíma staðlaðir framvirkir samningar og áhvílandi/samþykktir vilnunarsamningar); og
 - ii) sundurliðaðar á láréttá ásnúnum eftir eftirstöðvatíma, ásamt viðbótarvísbendingu um sannvirði heildartalna úr veltuviðskiptum.
 - C. Ákveða má tímabil fyrir upplýsingarnar sem birtar eru, t.d.:
 - i) allt að þremur mánuðum;
 - ii) frá þremur upp í sex mánuði;
 - iii) frá sex mánuðum upp í eitt ár;
 - iv) frá einu ári upp í fimm ár;
 - v) yfir fimm ár.Tímabilunum má skipta enn frekar niður eftir mikilvægi (t.d. \leq einn mánuður; $>$ einn \leq þrjú mánuðir) eða skeyta þeim saman í lengri tímabil (t.d. \leq eitt ár; $>$ eitt og \leq fimm ár; $>$ fimm ár), eftir atvikum.
 - D. Sem vísbendingu um það, meðal annars, hversu mikil starfsemi fer fram með tilliti til sannvirðis, til samanburðar við bókfært verð, má birta upplýsingar í töfluformi þar sem greint er á milli eigna og skuldbindinga
 - um bókfært verð og sannvirði hinna ýmsu flokka veltuviðskiptaskjala, og

- að því er varðar veltuviðskiptaskjöl meðaltal sannvirðis yfir tímabilið, og; ef ekki er mögulegt, framkvæmanlegt eða áreiðanlegt að meta sannvirðið, viðbótarupplýsingar um helstu einkenni skjalsins sem geta haft áhrif á sannvirði þess.
2. Framangreindar upplýsingar má einnig birta í töfluformi þar sem blandað er saman töflusniðunum sem um getur hér að framan.

5. viðbætur

(Þessi viðbætur er einungis til nánari skýringar og er ekki hluti af tilmælunum)

Birting upplýsinga um lánaáhættu

Með tilliti til lánaáhættunnar vegna afleiðusamninganna sem ekki er verslað með á skipulegum verðbréfamarkaði má birta upplýsingar á töfluformi sem eru:

- sundurliðaðar á lóðréttá ásnúnum eftir mismunandi stigum lánstrausts mótaðila, á grundvelli innra eða ytra mats; og
- sundurliðaðar á láréttá ásnúnum eftir:
 - brúttó endurnýjunarverði,
 - nettóendurnýjunarkostnaði ef aðfararhæfur skuldajöfnunarsamningur er fyrir hendi,
 - hugsanlegri framtíðarlánaáhættu.

Fyrirtækjum, sem reikna út lánaáhættu í tengslum við afleiðusamninga, sem ekki er verslað með á skipulegum verðbréfamarkaði, nægir að birta, á grundvelli upprunalegu áhættumatsaðferðarinnar, upplýsingar sem fást með beitingu þeirrar aðferðar.

Við upplýsingar um hugsanlega framtíðarlánaáhættu má bæta umfjöllun um tengda matstækni.

6. viðbætur

(Þessi viðbætur er einungis til nánari skýringar og er ekki hluti af tilmælunum)

Birting upplýsinga um markaðsáhættu

Gefa má upplýsingar um markaðsáhættu í tengslum við fjármálaskjöl á grundvelli einhvers eftirfarandi atriða:

- A. Upplýsingar um virðisáhættu (VAR).
- B. Möguleg áhrif á framtíðartekjur miðað við mismunandi forsendur sem gefnar eru um hreyfingar á markaðsverði og –gengi. Forsendurnar fyrir hugsanlegum breytingum skulu vera raunhæfar á næstu 12 mánuðum frá þeim degi að ársreikningurinn eða samstæðureikningurinn eru samþykktir. Ein þessara hugsanlegu breytinga gæti t.d. falið í sér neikvæða breytingu sem nemur allt að 10% af markaðsverðs- eða –gengistölunum í lok ársins (nema sýna megi fram á að slík breyting væri ekki raunhæf).
- C. Ráðstafanir vegna markaðsverðs, aðrar en þær sem fjallað er um í A- og B-lið, að því tilskildu:
- i) að stjórn stofnunarinnar notist við matslíkanið við stjórnun á markaðsverðsáhættu vegna notkunar veltuviðskiptaskjala; og
 - ii) að líkanið hafi verið viðurkennt í tengslum við samningu eiginfjárskýrslna til eftirlitsfirvalda.

- D. Greining á samanlögðu sannvirði eftir helstu flokkum fjáreigna og fjárskuldbindinga í tengslum við veltuviðskiptaskjöl og innan þessara flokka eftir tímabilum, eftir því hvort næsta endurmat á vöxtum eða gjalddaginn kemur á undan.

Ákveða má tímabil fyrir upplýsingarnar sem birtar eru, t.d.:

- i) allt að þremur mánuðum;
- ii) frá þremur upp í sex mánuði;
- iii) frá sex mánuðum upp í eitt ár;
- iv) frá einu ári upp í fimm ár;
- v) yfir fimm ár.

Sé áhættuvirðið, næmisgreiningin eða aðrar áhættumatstölur markaðsverðs, sem birtar eru, ekki lýsandi fyrir tölur fjárhagsársins getur það auðveldað lesendum fjárhagsskýrslna skilning á upplýsingunum, sem þar koma fram, ef tilgreindar eru viðbótartölur til að setja tölurnar á efnahagsreikningi í samhengi. Þessar viðbótartölur geta annað hvort verið meðaltalsgildi eða hæstu og lægstu tölur.